


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	HÁRG2FB03D	Námsáætlun vorönn 2019

Kennari	Harpa Birgisdóttir (harpa@vma.is)	Sk.st.	HAR
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing: Nemandi þjálfast í að hanna og útfæra hárgreiðslur miðað við mismunandi hárlengdir sem hæfa viðskiptavini við ýmis tækifæri. Bæði dag- og kvöld greiðslur. Nemandinn kynnist mismunandi tímabilum í sögu hársins og lærir að útfæra greiðslur eftir ljósmyndum og tímaritum.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á ýmsu upprúlli og úrgreiðslum miðað við fyrirhugaa útkomu. Mismunandi stíl og stílbrigðum. áhöldum og efnum sem notuð eru við hárgreiðslur.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að útfæra greiðslur í mismunandi hárlengdir. Móta hár með rúllum, járnnum, nálum og klípum. Nota viðeigandi hárskraut. Útfæra mismunandi bylgju og tímabilagreiðslur. Móta blautbylgjur í mismunandi útfærslum. Nota samfélagsmiðla til hugmyndavinnu og kynninga. vinna samkvæmt verklýsingu.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að útfæra ólíkar hárgreiðslur fyrir mismunandi hárgerðir og hárlengdir. Nota verklýsingu sem hjálpartæki í hárgreiðslu. Kynna hugmyndir sínar á ýmsa vegu. Ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.

Námsgögn: Hair design kennslubók:A Designer's Approach, 2009, Pivot Point international. Ýmis tímarit og gögn frá kennara. Online learning system.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	X Símat	Lokapróf/valið lokapróf	Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Verkefnaskil 1	Skila fjórum rafrænum verklýsingum af mismunandi hárgreiðslum		20%
Hlutapróf 1	Samkvæmisgreiðsla MÓDEL		20%
Hlutapróf 2	Módel í Tímabilagreiðslu útlit frá toppi til táar		30%
Hlutapróf 3	Brúðargreiðsla		30%
		Samtals	100%

Annað:

Boðið er upp á endurtöku eins matsþátta sem nemandi hefur misst af í þessum áfanga. Fyrir þarf að liggja vottuð ástæða þess að ekki var hægt að taka prófið þann dag sem það var lagt fyrir. Ef um veikindi er að ræða þarf vottorði að hafa verið skilað á skrifstofu vegna þeirra. Aðrar ástæður þarf að tilkynna og samþykkja hjá kennara áfangans.

Ef nemandi skilar ekki verkefni á réttum tíma þá dregst einn heill frá einkunn.

Viðtalstími eftir samkomulagi.